

Skýrsla stjórnar á ársfundi 2017

Góðir sjóðfélagar

I. Afkoma árið 2016

Árið 2016 einkenndist af styrkingu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og hafði styrkingin mikil áhrif á ávöxtun safna sem fjárfesta í erlendum verðbréfum, þ.e. ævisafna I, II, III og Samtryggingarsjóðs. Að öðru leyti gekk rekstur lífeyrissjóðsins vel.

Í ársskýrslu sjóðsins sem liggur frammi er gerð grein fyrir rekstri og afkomu á síðasta ári. Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun hér á eftir gera grein fyrir rekstri sjóðsins og tryggingafræðilegri stöðu og síðan mun Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, fara yfir ávöxtun síðasta árs og kynna fjárfestingarstefnu sjóðsins.

II. Fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða

Í síðustu viku tóku gildi nýjar reglur um gjaldeyrismál sem fela meðal annars í sér að erlend fjárfesting lífeyrissjóða, sem til þessa hefur verið bundin við sérstakar undanþágur Seðlabankans, er nú heimil og án allra takmarkana. Þetta eru mjög góðar fréttir sem endurspeгла sterka stöðu íslensks hagkerfis.

Með erlendum fjárfestingum geta sjóðirnir aukið eignadreifingu sem er nauðsynleg til að auka öryggi sjóðfélaga. Heimildir til erlendra fjárfestinga hafa verið eitt brýnasta hagsmunamál lífeyrissjóðanna um árábil vegna þeirrar áhættudreifingar sem fæst með því að dreifa fjárfestingum á fleiri lönd og fjölda útgefenda. Þrátt fyrir að styrking krónunnar vinni á móti ávöxtun nú um stundir er hin hliðin sú að sjóðirnir geta keypt fleiri einingar ytra með sterkari krónu.

Almenni mun nýta sér afnám gjaldeyrishafta til að byggja upp erlendar eignir samkvæmt fjárfestingarstefnu. Sjóðurinn hefur haldið óbreyttri fjárfestingarstefnu frá því höftin voru lögfest í nóvember 2008 en tekið fram í fjárfestingarstefnu að hann líti á höftin sem tímabundin. Vægi

erlendra hlutabréfa er lægra í öllum söfnum en fjárfestingarstefna gerir ráð fyrir vegna gjaldeyrishaftanna. Mest vantar upp á vægi erlendra eigna í samtryggingarsjóði og er skýringin á því söguleg.

Vegna mikilla verðsveiflna á erlendum verðbréfamörkuðum sem og á gjaldeyrismarkaði teljum við vænlegt að byggja upp erlendar eignir í áföngum, en miðað við það gæti sjóðurinn náð markmiði um eignasamsetningu á næstu fjórum til fimm árum. Stefnt er að því að stærsti hluti erlendra fjárfestinga á næstu misserum fari í skráða hlutabréfasjóði en einnig í framtakssjóði og skammtímafjárfestingar.

III. Sjóðfélagalánin

Mikill vöxtur hefur verið í útlánum til sjóðfélaga síðustu tvö ár.

- Á árinu 2015 jukust lánveitingar frá fyrra ári um 145% eða úr 1.039 milljónum í 2.554 milljónir.
- Á árinu 2016 voru veitt lán fyrir 6.895 milljónir sem er 170% aukning frá fyrra ári.
- Fyrstu tvo mánuði þessa árs voru veitt ný lán fyrir 1,9 milljarða.
- Svipaða sögu er að segja frá öðrum lífeyrissjóðum en þar hafa lán til sjóðfélaga aukist mikið.
- Á árinu 2015 jukust lánveitingar lífeyrissjóða samtals til sjóðfélaga um 86% frá fyrra ári og á árinu 2016 um 311% frá fyrra ári.

Skýringar á mikilli aukningu lána til lífeyrissjóða eru tvær.

- Í fyrsta lagi hafa lífeyrissjóðir flestir breytt lánareglum sínum og lána upp í allt að 75% af verðmæti fasteignar, gegn því að vera á fyrsta veðrétti eða með tiltölulega litla veðsetningu á undan. Þar sem kjör á lánum lífeyrissjóða eru yfirleitt hagstæðari en frá öðrum fjármálastofnunum hefur það aukist að lífeyrissjóðir eru helsti lánveitandi húsnæðislána einstaklinga.
- Í öðru lagi hefur verið mikill vöxtur í efnahagslífi landsins með tilheyrandi aukningu í fjárfestingum. Lífeyrissjóðir hafa til margra ára fjármagnað húsnæðislán óbeint með kaupum á skulda-

bréfum Húsnæðisstofnunar, Íbúðalánasjóðs og bankanna og má segja að um þriðjungur eigna sjóðanna á liðnum árum hafi verið í eignum tengdum húsnæðislánum.

Vægi beinna lána til sjóðfélaga hefur hins vegar verið undir 10% af eignum en búast má við því að hlutfallið hækki á næstu árum ef eftirspurn eftir lánum helst óbreytt eða vex. Lífeyrissjóðir hafa lánað beint til sjóðfélaga í áratugi og hjá þeim er mikil reynsla í veitingu lána til einstaklinga.

Við hjá Almenna lífeyrissjóðnum teljum okkur eiga nokkurn þátt í þessari þróun og þeirri breytingu sem varð á lánamarkaði, en sjóðurinn kynnti breyttar lánareglur sjóðsins þann 3. september 2013. Í tilkynningunni kom fram að frá og með 15. september 2013 gátu sjóðfélagar valið um að taka óverðtryggt eða verðtryggt lán, en óverðtryggt lán frá lífeyrissjóðum á samkeppnishæfum kjörum voru ekki í boði á þessum tíma. Í tilkynningunni kom einnig fram sú breyting að sjóðurinn væri tilbúinn að veita lán með 75% veðhlutfalli ef sjóðurinn væri á fyrsta veðrétti en annars væri miðað við 65% veðhlutfall. Með þessu vildi sjóðurinn verða „aðallánveitandi“ frekar en að vera með „stubbalán“ fyrir aftan aðra lánveitendur. Þessar breytingar hafa flestir aðrir lífeyrissjóðir tekið upp síðar með afgerandi áhrifum á húsnæðislánamarkað eins og áður hefur komið fram.

Sjóðfélagalánin eru að okkar mati góður eignaflokkur með hóflegri ávöxtun yfir ríkisskuldabréfum. Endurgreiðslur af lánunum eru að jafnaði mánaðarlega sem hentar lífeyrissjóðnum vel, sem greiðir mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur. Mikil aukning lána til sjóðfélaga leggur ríkar skyldur á herðar sjóðanna um vönduð vinnubrögð og virkt eftirlit. Hjá sjóðnum er lögð áhersla á að vönduð og öguð vinnubrögð við lánveitingar með skilvirku innra eftirliti.

IV. Áhættustýringin

Á árinu 2016 var skipulagi breytt hjá sjóðnum og áhættustjóri ráðinn beint af stjórn. Verkefni áhættustjóra er að fylgja eftir skipulagi innra eftirlits samkvæmt ákvörðun stjórnar auk þess að bera ábyrgð á eftirliti samkvæmt áhættustefnu sjóðsins. Með nýju skipulagi verður áhættueftirlit í höndum áhættustjóra sem tryggir fulla aðgreiningu starfa vegna ákvarðana og eftirliti með áhættum.

Breytt skipulag er í takt við breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 sem voru gerðar í lok ársins 2016, en samkvæmt þeim skal lífeyrissjóður tilnefna starfsmann hjá sjóðnum til að bera ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu. Skal áhættustýring lífeyrissjóðs vera óháð öðrum starfseiningum sjóðsins og tryggt að stýringin hafi nægilegt fjármagn og heimildir, m.a. til þess að afla gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru í starfsemi áhættustýringar.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins réð Ólaf Heimi Guðmundsson sem áhættustjóra. Ólafur Heimir hefur starfað sem sjóðstjóri hjá sjóðnum frá 2009. Hann hefur komið talsvert að áhættustýringu sjóðsins og mótun hennar frá árinu 2012.

Stjórn sjóðsins er ánægð með að greining og vöktun áhættu fái aukið vægi í starfsemi sjóðsins með ráðningu Ólafs Heimis.

V. SALEK og mögulegar lagabreytingar

Í janúar 2016 var skrifað undir svokallað SALEK samkomulag en samkvæmt því hækkar iðgjald á almennum vinnumarkaði úr 12% af launum í 15,5% á árunum 2016-2018. Þegar þessi breyting verður gengin í gegn hafa iðgjöld í lífeyrissjóð á almennum markaði hækkað úr 10% af launum í 15,5% eða um 55% frá því Alþingi samþykkti lög um starfsemi lífeyrissjóða í desember árið 1997. Þetta er mikil breyting á skömmum tíma en hún á sér skýringar. Iðgjaldið var hækkað úr 10% í 12% árið 2006 til að mæta vaxandi lífeyrisbyrði vegna aukinnar örorkutíðni og lengingu á meðalævi landsmanna. Hækkunin sam-

kvæmt SALEK samkomulaginu er meðal annars rökstudd með því að verið sé að hækka almenna launþega til jafns við opinbera starfsmenn í takt við stefnu um eitt samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.

Á vegum stjórnvalda er nú til skoðunar að breyta lífeyrissjóðalögunum vegna SALEK samkomulagsins. Aðilar vinnumarkaðarins, SA og ASÍ þrýsta á að lágmarksiðgjald verði hækkað úr 12% af launum í 15,5% til að tryggja að allir greiði sama iðgjald. Það eru út af fyrir sig góð og gild rök en þessi breyting má þá eingöngu fara í gegn ef tryggt verður að lífeyrissjóðir hafi svigrúm til að heimila sjóðfélögum að verja hluta lágmarksiðgjalds í séreignarsjóð.

Almenni lífeyrissjóðurinn mun fylgjast vel með hugmyndum og tillögum sem verða gerðar um breytingar á lífeyrissjóðalögunum og beita sér fyrir því að geta áfram boðið samsetningu lífeyrisréttinda líkt og sjóðurinn gerir í dag. Markmið okkar er að sjóðfélagar byggi upp réttindi með greiðslum í sjóðinn þar sem áhersla er lögð á svigrúm og sveigjanleika þegar kemur að greiðslu eftirlauna og góðri tryggingavernd við áföll vegna óvinnufærni eða fráfalls.

VI. LÍFSVERKSMÁLIÐ

Nú vík ég að máli sem hefur verið til umræðu á vettvangi fráfarandi stjórnar á starfsárinu.

Fyrir 9 árum eða í mars 2008, fjárfestu 5 lífeyrissjóðir m.a. Almenni lífeyrissjóðurinn í lánshæfistengdum skuldabréfum, sem tóku mið af lánshæfi Glitnis- og Kaupþingsbanka.

Í efnahagshruninu töpuðust þessar fjárfestingar að hluta. Fyrir liggur að tjón Almenna af 1300 milljóna króna viðskiptum nam um 300 milljónum króna þegar tekið hefur verið tillit til endurheimtu og áhrifa neyðarlaga og er það tjón fyrir löngu komið fram í reikningum sjóðsins.

Lífeyrissjóður verkfræðinga – Lífsverk varð fyrir miklu tjóni vegna sama máls, en hlutfall áðurnefndra skuldabréfa nam um 10% af heildareignum sjóðsins á þeim tíma sem leiddi til þess að ný stjórn sem

kom til í september 2010, stefndi fyrrum stjórnendum og tryggingarfélaginu VÍS til greiðslu skaðabóta. Héraðsdómur féll í því máli vorið 2016 og var niðurstaðan Lífsverki í vil. Með dómnum voru fyrrum stjórnendur Lífsverks, bæði lifandi og látnir fundnir sekir um lögbrot og voru ásamt tryggingarfélaginu dæmdir til greiðslu skaðabóta samtals 1.600 milljónir. Meðal lögmanna voru skiptar skoðanir um marga þætti í niðurstöðum dómsins, og málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af fyrrum stjórnendum og stjórnarmönnum Lífsverks, en einnig af tryggingarfélaginu og Lífsverki sem gagnstefndi í málinu.

Stjórn Almenna hefur fylgst með þessu máli frá því Héraðsdómur féll. Fyrir liggur að mikil vinna var lögð í áfrýjun til Hæstaréttar sem var fjölskipaður með 5 dómurum, enda miklir hagsmunir og mörg álitaefni undir fyrir alla aðila málsins. Greinargerðir aðila lágu fyrir og málflutningur í málinu var ráðgerður mánudaginn 13. mars í síðustu viku, en degi fyrr eða á sunnudegi spurðist út að gerð hefði verið dómssátt upp á 835 milljónir, þar sem allir aðilar máls féllu frá öllum kröfum á hvorn annan, réttaráhrifum héraðdóms var vikið frá og allur málskostnaður stjórnar og stjórnenda var greiddur. Þetta fól í sér að fyrrum stjórn og framkvæmdastjóri gengu frá málinu skaðlaust, að öðru leyti en því að þeir höfðu í meira en 30 mánuði staðið í óvissu og málarekstri gegn lífeyrissjóði sínum.

Ég geri þetta mál að umtalsefni á þessum fundi, þar sem stjórn Almenna hefur á hverjum tíma kannað réttarstöðu sjóðsins m.t.t. ábyrgðar fyrri stjórna og mögulegra bóta úr ábyrgðartryggingu stjórnenda, ef umrædd fjárfesting yrði dæmd ólögmæt. Þar sem ekki gekk dómur í Hæstarétti í málinu, þá fæst aldrei úr því skorið og er það miður.

Stjórn Almenna hefur farið yfir þetta mál ítrekað, fyrst í kjölfar rannsóknarskýrslu Alþingis, og síðan þá í þrígang með aðkomu óvilhallra aðila sem hafa skilað álitum um lögmæti þeirra gjörninga sem deilt hefur verið um og ávallt komist að sömu niðurstöðu þess efnis að umrædd fjárfesting hefði verið lögum samkvæmt.

Undanfarna 10 daga höfum við rýnt þetta mál enn á ný og kallað til ráðgjafa.

Stjórnin hefur nú komist að þeirri niðurstöðu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, að ekki séu forsendur til að sækja þá fyrrverandi stjórnarmenn og stjórnendur Almenn til saka, sem tóku ákvarðanir á árinu 2008. Það er álit okkar að ákvarðanir sem teknar voru, hafi verið byggðar á bestu fáanlegu upplýsingum sem stjórnarmenn og stjórnendur höfðu á hverjum tíma, með hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi.

Það er niðurstaða stjórnar Almenna í þessu máli.

VII. Erlendar viðurkenningar

Á árinu veittust Almenna nokkrar alþjóðlegar viðurkenningar.

Tímaritið IPE, Investment Pension Europe, valdi Almenna sem besta lífeyrissjóð í Evrópu í flokki lífeyrissjóða á almennum markaði eða sem besti opni lífeyrissjóðurinn í Evrópu. Að auki var Almenni valinn besti lífeyrissjóður í Evrópu meðal þjóða með færri en milljón íbúa og er það annað árið í röð sem Almenni hlýtur þau verðlaun. Almenni var einnig tilnefndur annað árið í röð fyrir bestu samsetningu lífeyrisréttinda í Evrópu.

Í umsögn dómnefndar segir m.a. að sjóðurinn skari fram úr flestum öðrum í ráðgjöf og upplýsingamiðlun auk þess sem notkun upplýsingatækni í þágu sjóðfélaga sé til fyrirmyndar. Í því sambandi var nýi sjóðfélagavefur Almenna sérstaklega nefndur til sögunnar. Fyrirkomulag sjóðsins, þ.e. að þriðjungur af skylduiðgjaldi sé lagt í erfanlegan séreignarsjóð, vakti einnig athygli dómnefndar auk þess sem Ævileið Almenna lífeyrissjóðsins þótti heppileg og kostnaðarhlutfall lágt.

Þetta er sextánda árið sem IPE-verðlaunin eru veitt af fagtímaritinu Investment Pension Europe en verðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 2001. Umfang verðlaunanna hefur vaxið ár frá ári sem og fjöldi þátttakenda en þeir voru á fimmta hundrað í ár frá 25 löndum. Veitt

voru verðlaun í 16 flokkum eftir landsvæðum og í 13 þemabundnum flokkum auk heildarverðlauna. Sá sem hér talar sótti verðlaunaráðstefnu IPE og sá með eigin augum metnaðinn sem IPE leggur í verðlaunin sem eru hvati fyrir lífeyrissjóði um að leggja sig fram til að ná árangri fyrir sjóðfélaga sína.

Þannig lítum við líka á verðlaunin. Vissulega er gott að fá viðurkenningu en fyrst og fremst virka þau á okkur sem hvatning til að halda áfram að veita sjóðfélögum góða þjónustu.

VIII. Framtíð

Í árslok 2016 voru heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins tæpir 185 milljarðar og höfðu eignir þá tæplega þrefaldast frá því sjóðurinn varð til í núverandi mynd við sameiningu Almenna og Lífeyrissjóðs lækna í ársbyrjun 2006. Almenni hefur á þessum tíma vaxið svipað og lífeyriskerfið í heild sem þýðir að sjóðurinn er með sömu hlutdeild af kerfinu en sjóðurinn vegur um 5% af lífeyrissjóðum samtals.

Almenni er um margt frábrugðinn öðrum lífeyrissjóðum.

Sjóðurinn er opinn lífeyrissjóður en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, hljómlistarmanna, leiðsögumanna, lækna og tæknifræðinga. Þrátt fyrir að sjóðurinn sé tilgreindur í kjarasamningum starfsgreina hefur Almenni aldrei skyldað neinn til að greiða í sjóðinn en leggur þess í stað áherslu á að ná árangri og veita þjónustu þannig að sjóðfélagar vilji greiða til hans.

Almenni er heldur ekki með neinn sölusamning við ráðgjafa eða aðra sem fá greitt fyrir að afla nýrra sjóðfélaga. Við viljum vaxa á góðu orðspori og leggjum metnað okkar í að starfsemi sjóðsins miði að því.

Í stefnu sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt kemur fram að sjóðurinn vilji vaxa til að ná fram stærðarhagkvæmni. Á síðustu þremur árum hefur sjóðurinn lagt aukna áherslu á kynningarmál en gætt þess þó að hafa hófsemi að leiðarljósi. Almenni er einnig opinn fyrir samstarfi eða sameiningu við aðra sjóði. Slík mál taka tíma og verða aðeins að veruleika ef gagnkvæmur áhugi er á samtali.

IX. Niðurlag

Stjórn lífeyrissjóðsins fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef tilefni er til. Frá síðasta ársfundi hefur stjórnin fundað 14 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á fundi milli reglubundinna stjórnarfunda til að greina eða afgreiða mál.

Ég vil nota þetta tækifæri og færa meðstjórnarmönnum þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári. Á ársfundinum lýkur kjörtímabili míns og Sigríðar Sigurðardóttur í stjórn auk Önnu Karenar Hauksdóttur, varamanns. Sigríður gefur ekki kost sér áfram og vil ég nota tækifærið og þakka henni fyrir vel unnin störf í stjórn sjóðsins. Sigríður kom inn í stjórn á árinu 2011 og sat því sex ár í stjórninni. Hennar verður saknað.

Ég vil að lokum þakka sjóðfélögum fyrir samskipti og samstarfið á liðnu ári. Einnig vil ég þakka starfsfólki sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf. Hjá sjóðnum starfar hæft fólk sem leggur sig fram með faglegum vinnubrögðum og góðri þjónustu.